

Júlí 1999

Ársskýrsla 1998



EIS

EINKALEYFASTOFAN

Efnisyfirlit

- 3 Formáli
- 4 Umsóknir og skráningar á árinu 1998
- 5 Rekstrarafkoma ársins
- 5 Starfsmannamál
- 5 Löggjöf og reglugerðir
- 6 Upplýsinga- útgáfu- og tæknimál
- 7 Samskipti við iðnaðarráðuneyti
- 7 Langtímaáætlun
- 8 Samstarf við innlend samtök og stofnanir
- 9 Heimildasöfnun um hugverkaréttindi á Íslandi
- 9 Norrænt samstarf
- 11 Samstarf við Alþjóðahugverkastofnunina (WIPO)
- 12 Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)
- 12 Skipurit Einkaleyfastofu

Formáli

Á árinu voru liðin 10 ár frá því að starfsemi sú sem nú fer fram á Einkaleyfastofunni var flutt úr húsakynnum iðnaðarráðuneytisins í Arnarhvoli í núverandi húsnæði á Lindargötu 9. Formlega var Einkaleyfastofan sett á laggirnar á miðju ári 1991.

Árið 1998 varð enn eitt metárið í eftirspurn eftir hugverkavernd hjá Einkaleyfastofunni. Sértekjur jukust einnig verulega. Fjölgun alþjóðlegra umsókna á sviði vörumerkja og einkaleyfa átti stærstan þátt í auknum umsvifum og hagstæðri rekstrarafkomu stofnunarinnar á árinu.

Þróun í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi á sviði hugverkaréttinda hefur verið mjög ör á síðustu árum og haft mikil áhrif á starfsemi einkaleyfastofnana um heim allan. Aðild Íslands að alþjóðlegum samningum á sviði einkaleyfa og vörumerkja hefur sett svip sinn á starfsemina og birtist m.a. í breyttum kröfum varðandi meðhöndlun umsókna og auknum samskiptum á erlendum tungumálum. En mestu varðar að alþjóðasamstarfið hefur skapað aðilum hér á landi aukna möguleika til að vernda hugverk í iðnaði. Þessa möguleika hefur Einkaleyfastofan leitast við að kynna m.a. í samstarfi við hérlend samtök og stofnanir sem í auknum mæli leita eftir fræðslu og upplýsingum um hugverkaréttindi.

Samskipti við Alþjóðahugverkastofnunina (WIPO) og undirstofnanir hennar hafa vaxið til muna. Á norrænum vettvangi hefur samstarfið einnig aukist og tekur nú orðið til fleiri sviða en áður. Erlend samskipti vegna málavíða sem iðnaðarráðuneytið hefur falið

stofnuninni að annast, s.s. samskipti við Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO) og EFTA/ESB, hafa einnig útheimt tíma og starfskrafta.

Litið til ársins 1999 og næstu framtíðar bíða mörg verkefni úrlausnar. Í langtímaáætlun stofnunarinnar fyrir tímabilið 1999-2001 er m.a. vikið að stöðu einkaleyfamála og bent á nauðsyn þess að koma betri skipan á meðferð einkaleyfisumsókna og rannsókn á einkaleyfshæfi uppfinninga. Í þessu sambandi er talið eðlilegt að kanna hvað Ísland á sameiginlegt með öðrum Norðurlandþjóðum á sviði einkaleyfa, jafnframt því sem hugleiddir verði kostir og gallar samstarfs við eða aðildar að Evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO).

– Ekki er enn ljóst hvort tilskipun ESB um líftækni verður hluti af EES-samningnum.


Breytingar á einkaleyfalögum m.t.t.

tilskipunarinnar er mál sem krefst vandaðrar umfjöllunar af hálfu stjórnvalda og löggjafarvaldsins.

– Lögum um hönnunarvernd þarf að breyta til samræmis við nýja tilskipun ESB sem einnig tekur til aðildarríkja EES-samningsins.

– Hagnýting rafrænna viðskipta varðandi umsóknir um hugverkaréttindi er nú til umræðu á alþjóðavettvangi. Einkaleyfastofan mun fylgjast vel með þessari og annarri tækniþróun sem leitt getur til bættrar þjónustu við viðskiptavinum og aukinnar skilvirkni í starfseminni.

Þegar á heildina er litið var afrakstur starfseminnar á árinu 1998 mjög góður. Þar eiga m.a. hlut að máli samhent starfslið Einkaleyfastofunnar og traustir viðskiptavinir.


Gunnar Guttormsson
forstjóri

Umsóknir og skráningar á árinu 1998

Einkaleyfi

Á árinu voru lagðar inn samtals 295 umsóknir. Þetta er mesti fjöldi umsókna sem borist hefur stofnuninni á einu ári og um 24% aukning miðað við árið 1997. Umsóknir íslenskra aðila voru 45 talsins (23 árið 1997) en erlendir aðilar lögðu inn 250 umsóknir (215 árið 1997). Af heildartölunni 295 voru yfirfærðar alþjóðlegar umsóknir (PCT) 236 talsins. Veitt voru samtals 35 einkaleyfi á árinu, en þau voru 41 á árinu 1997. Þar af voru veitt 4 einkaleyfi til íslenskra aðila (2 árið 1997) og 31 til erlendra aðila (39 árið 1997). Tekið var á móti 10 alþjóðlegum frum-umsóknum frá íslenskum aðilum (6 árið 1997).


Vörumerki

Umsóknir og tilnefningar á árinu voru samtals 3075 (2044 árið 1997) sem er rúmlega 50% aukning frá fyrra ári. Þar af voru tilnefningar vegna alþjóðlegra skráninga samkvæmt Madridbókuninni 1734 (352 árið 1997). Umsóknir frá íslenskum aðilum voru 440 (399 árið 1997) og frá erlendum aðilum 901 (1293 árið 1997). – Skráningar á landsbundnum umsóknum voru 1414 (1728 árið 1997), þar af 365 í eigu íslenskra aðila.


Hönnunarvernd

Umsóknir voru 33 talsins (28 árið 1997), þar af 18 frá innlendum aðilum (18 árið 1997) og 15 frá erlendum umsækjendum (10 árið 1997). Skráðar hannanir voru 33 talsins (25 árið 1997), 16 frá íslenskum aðilum (19 árið 1997) og 17 frá erlendum aðilum (6 árið 1997).

Fjöldi umsókna um einkaleyfi
1990-1998



Fjöldi umsókna um vörumerki
og tilnefninga vegna alþjóðlegra skráninga
1990-1998



Fjöldi hönnunarumsókna og skráninga
1994-1998

Ár	Umsóknir			Skráningar		
	Frá ísl. aðilum	Frá erl. aðilum	Samtals	Til ísl. aðila	Til erl. aðila	Samtals
1994	15	12	27	14	11	25
1995	22	13	35	18	10	28
1996	15	20	35	17	22	39
1997	18	10	28	19	6	25
1998	18	15	33	16	17	33

Rekstrarafkoma ársins

Á árinu námu tekjur stofnunarinnar („ríkistekjur“ og aðrar tekjur) samtals 78,4 millj. kr. og var aukningin milli ára 25,1 millj. kr. eða 47,1 %. – Rekstargjöld ársins voru 52,9 millj. kr. og jukust um 14,1 millj. kr. eða 36,3%. – Þessi hagstæða rekstrarafkoma skýrist m.a. af mikilli fjölgun umsókna á sviði einkaleyfa og vörumerkja (um 24% og 50% í hvoru tilviki miðað við fyrra ár). Hafa verður í huga að verulegur hluti kostnaðar við meðhöndlun þessara umsókna kemur fram síðar. – Gjaldskrá stofnunarinnar hefur verið óbreytt frá 1. janúar 1997. Veruleg framleiðni-aukning hefur því orðið í starfseminni síðustu árin vegna lægri tilkostnaðar á hverja þjónustueiningu.

Starfsmannamál

Fjöldi starfsmanna

Fastir starfsmenn voru flestir 14 á árinu. Að auki störfuðu 2 starfsmenn við afleysingarstörf yfir sumarmánuðina og nemi í lögfræði við Háskóla Íslands var í eins mánaðar starfsdvöl hjá stofnuninni.

Nýir kjarasamningar – aðlögunarsamningar

Samningar stéttarfélaganna og fjármálaráðherra á árinu 1997 höfðu í för með sér umtalsverðar breytingar varðandi launaákvarðanir. Settar voru á laggirnar aðlögunar-nefndir, skipaðar fulltrúum stéttarféлага og viðkomandi stofnunar, til að útfæra hina miðlægu kjarasamninga. Fjórar aðlögunar-nefndir störfuðu vegna Einkaleyfastofunnar og luku allar störfum á árinu. Sumar nefndirnar

fjölluðu aðeins um launaröðun eins starfsmanns. – Þótt of snemmt sé að meta reynslu af þessum breytingum verður að telja að þegar fámennar stofnanir eiga í hlut sé nefndastarf af þessu tagi þungt í vöfum.

Námskeið

Umsjónarmaður tölvumála sótti kvöldnámskeið í forritun og kerfisfræði í feb.-júní. Lögfræðingur á vörumerkjadeild sótti í september námskeið hjá WIPO um meðhöndlun alþjóðlegra vörumerkjaumsókna skv. Madridbókuninni. Tæknimaður á einkaleyfedeild sótti námskeið hjá sænsku einkaleyfastofnuninni (PRV) í nóvember.

Löggjöf og reglugerðir varðandi hugverkaréttindi

Ný lög

Með ákvæði í 5. gr. laga um sveitarstjórnir nr. 45/1998 var Einkaleyfastofunni falið að annast skráningu byggðarmerkja, en félagsmálaráðuneyti sá áður um skráninguna. Lögin gengu í gildi 1. júní 1998. Einkaleyfastofan fór fram á það við sveitarfélög sem óskuðu eftir að leggja inn umsóknir á árinu að sýna biðlund þar til settar hefðu verið reglur um skráninguna. Fyrsta skref undirbúningsins var að ræða við félagsmálaráðuneytið, m.a. um meðferð umsókna sem ekki höfðu hlotið fullnaðarafgreiðslu við gildistöku nýrra laga. Síðan hófst undirbúningur að samningu reglugerðar í samráði við iðnaðarráðuneytið (rg. nr. 112/1999). Stofnunin kynnti forráðamönnum Sambands ísl. sveitarféлага hugmyndir sínar um einstök framkvæmdaatriði

og áform varðandi útgáfu leiðbeininga-
bæklings fyrir aðila sem hlut eiga að máli.
Einkaleyfastofan leggur áherslu á að gott
samstarf takist um framkvæmd skráningar
byggðamerkja við sveitarstjórnir og aðra sem
hlut eiga að máli.

Reglugerðir

Stofnunin vann ásamt fulltrúa frá iðnaðar-
ráðuneyti að samningu eftirtalinna reglugerða
sem settar voru eða tóku gildi á árinu:

- Reglugerð nr. 700/1997 um breytingu á
reglugerð varðandi umsóknir um
einkaleyfi o.fl., nr. 574/1991, sbr.
reglugerð nr. 661/1996, 268/1996 og 679/
1996, tók gildi 2. janúar 1998. Með
reglugerðinni er bætt nýjum kafla við
fyrrri reglugerð og fjallar hann um
viðbótarvernd fyrir lyf og plöntuvarnar-
efni.
- Auglýsing nr. 758/1997 um breytingu á
auglýsingu um gjöld vegna alþjóðlegra
einkaleyfisumsókna, nr. 639/1995, sbr.
reglugerð nr. 288/1996, sbr. auglýsingu
nr. 200/1997. – Auglýsingin fjallar um
breytingu á grunngjaldi, viðbótargjaldi og
tilnefningargjaldi.
- Reglugerð nr. 642/1998 um breytingu á
reglugerð nr. 673/1966 um gjöld fyrir
einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., sbr.
reglugerðir nr. 313/1997 og 603/1997. –
Með reglugerðinni er grunngjald fyrir
vörumerkjaumsókn hækkað í 12 þús. kr.
en sérgjald fyrir myndir felld niður.
- Reglugerð nr. 714/1998 um gjöld vegna
alþjóðlegra einkaleyfisumsókna. – Með
reglugerðinni er kveðið á um að gjöld
vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna
skuli auglýst í Einkaleyfatíðindum.

Fulltúar stofnunarinnar eru yfirleitt kvaddir á
fund þingnefnda Alþingis þegar verið er að
fjalla um lagafrumvörp og málefni sem varða
hugverkaréttindi. Starfsmenn stofnunarinnar
sátu m.a. fund heilbrigðisnefndar Alþingis
vegna frumvarps um miðlægan gagnagrunn á
heilbrigðissviði.

Upplýsinga-, útgáfu- og tæknimál

Aðgengi að tölvuskram

Í september var sett upp sérstök tölva fyrir
viðskiptavinum stofnunarinnar í því skyni að þeir
geti skoðað á staðnum þær upplýsingar
(birtingar) í tölvuskram stofnunarinnar sem
eiga að vera almenningi aðgengilegar. Þetta er
þeim mun nauðsynlegra sem breytingar, t.d.
varðandi eigendur skráninga, eru ekki lengur
færðar inn í bækur vörumerkjaskrár.

ELS-tíðindi

Umfang útgáfunnar jókst verulega miðað við
árið 1997 vegna fjölgunar umsókna. Munar
þar mest um fjölgun alþjóðlegra
vörumerkjaumsókna. Í lok ársins voru gerðar
nokkrar breytingar á uppsetningu blaðsins,
m.a. var letur smækkað í því skyni að koma
fleiri birtingum fyrir. Áskrifendur eru nú um
130 talsins. Þess mun væntanlega skammt að
bíða að blaðið í heild verði birt á netinu.

Áform um nýja tölvumiðlara

Eins og fram kemur í „Langtímaáætlun 1999-
2001“ er ráðgert að endurnýja tölvumiðlara
stofnunarinnar á árinu 1999 og skipta yfir í
svonefnda NT-miðlara á PC grunni.

Vörumerkjaskrá og síðar einkaleyfaskrá (og aðrar tölvuskrár) verða þá jafnt aðgengilegar þeim sem nota Mac- og PC-tölvur.

Samskipti við iðnaðarráðuneyti

Rammasamningur

Á árinu var gerður rammasamningur við iðnaðarráðuneytið þar sem kveðið er á um gagnkvæmar skyldur ráðuneytis og stofnunar. Samningurinn er liður í framkvæmd laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 (sbr. 38. gr. laganna) og svonefnda árangursstjórnun í stjórnsýslunni.

Stofnunin vann ásamt fulltrúa iðnaðarráðuneytis að undirbúningi samningsins. Með samningnum er leitast við að skilgreina gagnkvæmar skyldur iðnaðarráðuneytis og Einkaleyfastofunnar viðvíkjandi útfærslu á hlutverki stofnunarinnar samkvæmt lögum og reglum um starfsemina. Auk skýringa á tilgangi samningsins er þar m.a. fjallað um hlutverk Einkaleyfastofunnar, markmið og áherslur í starfseminni og gagnkvæmar skyldur varðandi ársáætlanir, langtímaáætlanir og ársskýrslur. – Tekið er fram að rammasamningurinn breyti í engu ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi á starfsemi stofnunarinnar eða þeim stjórnsýsluskyldum sem ráðherrann og stofnunin hafa lögum samkvæmt. – Samningurinn var undirritaður 8. maí.

Erindisbréf forstjóra

Samtímis rammasamningnum undirritaði iðnaðarráðherra erindisbréf fyrir forstjóra stofnunarinnar. Með erindisbréfinu er uppfyllt ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (nr. 70/1996, 38. gr.). Tilgreint er meginhlutverk stofnunarinnar og ábyrgðar- og verksvið forstjóra. Einnig er þar gerð grein fyrir helstu starfsþáttum og hvenær ársins beri að skila áætlunum og skýrslum til ráðuneytisins.

Langtímaáætlun

Í samræmi við 5. gr. rammasamningsins við iðnaðarráðuneytið var í ágúst gerð langtímaáætlun fyrir stofnunina. Áætlunin miðast við tímabilið 1999-2001 og skiptist í fjóra kafla, þ.e.:

1. inngang;
2. baksvið og forsendur starfseminnar;
3. þróun núverandi verndarsviða;
4. ný verndarsvið;
5. áherslur í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi, og
6. ágríp og helstu niðurstöður.

Þá fylgir áætluninni yfirlit um þróun umsókna og skráninga á hverju verndarsviði s.l. 10 ár.

Gert er ráð fyrir að áætlunin verði endurskoðuð með reglulegu millibili á áætlunartímabilinu.

Samstarf við innlend samtök og stofnanir

Félag umboðsmanna

Fundur var haldinn með stjórn Félags umboðsmanna vörumerkja og einkaleyfa í september að frumkvæði stofnunarinnar. Fulltrúar Einkaleyfastofu gáfu upplýsingar um ýmsa þætti starfseminnar og rædd voru ýmis atriði sem snerta samskipti umboðsmanna og stofnunarinnar. – Vaxandi hlutdeild alþjóðlegra umsókna á sviði vörumerkja og einkaleyfa hefur haft áhrif á starfsemi umboðsmanna.

Samtök um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (SVESI)

Í apríl boðuðu samtökin til fundar um smáeinkaleyfi á Hótel Sögu. Deildarstjóri vörumerkja- og hönnunardeildar Einkaleyfastofu kynnti þær hugmyndir sem eru til umræðu innan ESB og EFTA um löggjöf til verndar smáeinkaleyfum („utility models“). Þá upplýsti forstjóri fundarmenn um starfsemina og horfur framundan, þ.á m. þróunina í Evrópu og hugsanleg áhrif hennar hér á landi.

Útflutningsráð Íslands

Lögfræðingur hjá stofnuninni tók þátt í kynningu á einkaleyfum og vörumerkjum sem haldin var í Reykjavík í mars fyrir aðila á vegum Útflutningsráðs.

Endurmenntunarsstofnun Háskóla Íslands

Í nóvember var á vegum Endurmenntunarsstofnunar haldið námskeið um vörumerki og alþjóðlega skráningu vörumerkja. Lögfræðingur frá Einkaleyfastofu fjallaði um þessi efni og tók þátt í umræðum um gildi vörumerkja fyrir atvinnulífið.

Rannsóknarráð Íslands (Rannís) - Nýsköpunarsjóður

Í árslok óskaði Einkaleyfastofan, að höfðu samráði við iðnaðarráðuneyti, eftir viðræðum við Rannís og Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins um þá hugmynd að þessar stofnanir, ásamt Einkaleyfastofu, efndu til samstarfsverkefnis sem hefði það að markmiði að auka notkun hugverkaréttinda í atvinnulífinu. Aðilar áttu með sér fund í desember þar sem Einkaleyfastofan gerði m.a. grein fyrir þeirri hugmynd að stofnunin myndi leita eftir heimild stjórnvalda til þess að mega nýta hluta af rekstarafgangi sínum til slíks verkefnis.

Fyrirtækja- og stofnanastyrkir (FS-styrkir)

Stofnunin ákvað að vera í hópi fyrirtækja og stofnana sem auglýsa stuðning við nemendur í meistara- eða doktorsnámi á vegum Rannsóknarráðs Íslands. Viðkomandi fyrirtæki eða stofnun leggur fram ákveðna upphæð og þar á móti kemur framlag frá Rannsóknarnámssjóði. Styrkirnir eru sérstaklega ætlaðir til að efla samvinnu í íslensku atvinnulífi, á milli fyrirtækja, stofnana og háskóla. Styrkur sá sem Einkaleyfastofan bauð fram var miðaður við meistaranám.

Heimildasöfnun um hugverkaréttindi á Íslandi

Í upphafi ársins gerði Einkaleyfastofan verksamning við sagnfræðing um söfnun heimilda um þróun hugverkaréttinda hér á landi frá upphafi. Hugmynd Einkaleyfastofunnar er að síðar verði gefið út aðgengilegt upplýsingarit um þetta efni. – Stofnunin kynnti iðnaðarráðuneytinu verkefnið og veitti ráðuneytið fyrir sitt leyti samþykki fyrir því. – Í minnisblaði með verksamningi er skilgreindur tilgangur verksins, hugsanleg vinnutilhögun (verkáfangar) og helstu áherslupættir. Verkinu miðar vel. Auk margvíslegra heimilda liggja fyrir drög að einstökum köflum í væntanlegu riti.

Norrænt samstarf

Fundir forstjóra einkaleyfastofnanna

Samstarf norrænu einkaleyfastofnananna hefur varað óslitið frá árinu 1978. Núverandi tilhögun samstarfsins er í aðalatriðum sú að forstjórar stofnananna hafa með sér reglulega fundi tvisvar á ári. Í umboði þeirra starfa síðan vinnuhópar um afmörkuð málefni, yfirleitt skipaðir deildarstjórum eða sérfræðingum fagdeilda stofnananna. – Á fundum forstjóranna eru rædd stefnumarkandi mál, bæði á sviði norræns og alþjóðlegs samstarfs (WIPO) og varðandi evrópusamstarfið (ESB og evrópska einkaleyfastofnunin EPO). Þá eru tillögur og ábendingar norrænu vinnuhópanna

ræddar á fundunum og tekin afstaða til helstu framkvæmdaatriða. Vinnuhópur um einkaleyfamál hefur starfað svo til samfellt hin síðar ár en hópur um vörumerkja- og hönnunarmál sjaldnar. Á árinu 1998 funduðu forstjórarinnir í Kaupmannahöfn í apríl og í Helsinki í október.

Einkaleyfahópur

Yfirmenn einkaleyfedeilda norrænu stofnananna hittast tvisvar á ári í einu Norðurlandanna; á árinu 1998 í Stokkhólmi snemma árs og í Helsinki um haustið. Af þeim málum sem rædd voru má nefna endurupptöku einkaleyfaréttinda, Evrópueinkaleyfi (græn bók EB), dreifingu á verkefnum EPO til landsstofnana, umboðsmannaskylduna, árangursstjórnun, vandamál í sambandi við innlögn umsókna á rafrænan hátt og erfiðleika á ráðningu sérfræðinga í tæknifögum til stofnanna. Næsti fundur verður á Íslandi í maí 1999.

Líftæknihópur

Á fundi í Osló 1996 ákvað norræni einkaleyfahópurinn að skipa undirhóp sérfræðinga til að ræða væntanlega tilskipun EB varðandi líftæknimál. Tilskipunin var samþykkt af ESB á árinu 1998 og hóf þá nefndin störf og hélt tvo fundi í Kaupmannhöfn. Ræddar hafa verið breytingar sem þarf að gera á einkaleyfalögum til að fullnægja tilskipuninni, m.a. á 1. gr. laganna sem tekur á því hvað sé einkaleyfis-hæft. Tillögur sem nefndin er sammála um munu liggja fyrir í ársbyrjun 1999. Tilskipunin er ekki enn hluti af EES-samkomulaginu og því ekki ljóst hvort hún taki til Íslands.

Vörumerkjahópur

Norrænn vinnuhópur um vörumerkjamál var starfandi fyrr á árum. Frá því í febrúar 1996 og fram á árið 1998 lá samstarf á þessu sviði niðri. Fyrsti fundurinn eftir þetta hlé var haldinn í Kaupmannahöfn í september.

Hópurinn mun að jafnaði hittist tvisvar á ári. Á fundinum í Kaupmannahöfn var m.a. skipst á upplýsingum um stöðu mála í ríkjunum, hagtölur og meðhöndlunartíma umsókna. Þá var rætt um Madridviðaukann og framkvæmd hans, hugsanlega aðild að Vörumerkjalagásáttmálanum (TLT), tæmingu vörumerkjaréttinda í ljósi nýlegs dóms ESB-dómstólsins (Silhouette-málið), starf sænsku vörumerkjanefndarinnar og væntanlegar lagabreytingar. Þá var rætt um ýmis mál er varða framkvæmd og lagatúlkun. – Næsti fundur er ráðgerður í Finnlandi í júní 1999.

Samstarf um endurskoðun vörumerkjalaga

Sænska dómsmálaráðuneytið óskaði eftir því á árinu 1997 að Norðurlöndin tækju höndum saman um endurskoðun og samræmingu vörumerkjalaga sinna. Lagt var til að hvert land gerði sjálfstæða úttekt á vörumerkjalögum sínum með því að skipa nefnd eða fela einum sérfræðingi að annast úttektina. Gert er síðan ráð fyrir að samræming á hugmyndum fari fram á fundum formanna nefndanna eða sérfræðinganna. Einkaleyfastofan gerði iðnaðarráðuneytinu ítarlega grein fyrir málinu og aðdraganda þess í nóvember 1997. Ráðuneytið féllst á það sjónarmið stofnunarinnar að með tilliti til þess að á árinu 1997 tóku hér gildi ný vörumerkjalog skyldi ekki að svo stöddu ráðist í heildarendurskoðun á lögum. Hins vegar væri eðlilegt að

Einkaleyfastofan fylgdist með málinu á vettvangi Norðurlandssamstarfsins. – Forstjóri sat fund sænsku endurskoðunarnefndarinnar í Stokkhólmi í júní og gerði þar grein fyrir þessum sjónarmiðum.

Hönnunarahópur

Á fundi forstjóra norrænu einkaleyfastofnananna í Helsingfors í október var skýrt frá tilskipun ESB varðandi hönnunarvernd. Ríkin (þ.m.t. aðildarríki EES) hafa frest fram í október 2001 til að tryggja framkvæmd tilskipunarinnar. Ákveðið var að efna til fundar sérfræðinga stofnanna um þetta efni í byrjun næsta árs. Fyrir lá boð norsku einkaleyfastofnunarinnar um að halda fundinn.

Heimsóknir

Norski prófessorinn og lögfræðingurinn Birger Stuevoll Lassen kom hingað til lands í maí í boði menntamálaráðuneytisins og heimsótti þá m.a. Einkaleyfastofuna. – Sem einn helsti sérfræðingur Norðmanna á sviði hugverkarettinda var Lassen skipaður af norska atvinnumálaráðuneytinu til að gera úttekt á þörfinni fyrir endurskoðun norsku vörumerkjaloganna. – Á fundinum með Lassen var m.a. rætt um gang mála varðandi endurskoðun norrænna einkaleyfalaga, reynslu Norðmanna af firmalögum og framtíðarsýn varðandi rannsókn á efni einkaleyfisumsókna.

Tveir hópar starfsmanna frá einkaleyfedeild sænsku einkaleyfastofnunarinnar komu hingað til lands á eigin vegum í maí. Stofnunin aðstoðaði hópana við að ná sambandi við ýmsa aðila hér á landi. Annar hópurinn heimsótti Einkaleyfastofuna.

Samstarf við Alþjóðahugverkastofnunina (WIPO)

Hlutverk WIPO

WIPO er ein af undirstofnunum Sameinuðu þjóðanna og hefur það hlutverk að hafa yfirumsjón með alþjóðasamningum varðandi hugverkaréttindi. Tveir viðamiklir samningar, þ.e. Parísarsamningurinn um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar og Bernarsáttmálinn til verndar bókmenntum og listaverkum, mynda grundvöll allra alþjóðlegra sérsamninga á þessum sviðum. Sérsamningar þessir eru nú 21 talsins og stýrir sjálfstæð stjórnarstofnun hverjum samningi. Aðildarríki WIPO eru nú 169. Um áramótin 1997-1998 tók nýr aðalframkvæmdastjóri, dr. Camil Idris frá Sudan, við af dr. Arpad Bogsch, sem gengt hafði starfinu í 24 ár.

Fundir stjórnarstofnana

Samstarf Einkaleyfastofunnar við WIPO tekur eingöngu til hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Mest samskipti eru vegna aðildar Íslands að Samstarfssamningnum um einkaleyfi (PCT) og Madridbókuninni um alþjóðlega skráningu vörumerkja. Reglulegir fundir stjórnarstofnana WIPO eru að jafnaði í september ár hvert. Þrír fulltrúar frá Einkaleyfastofu skiptust á að sitja aðalfundi stjórnarstofnana sem haldnir voru í september. Einn fulltrúi sótti aukafund sem boðað var til í mars vegna fjárhagsáætlunar WIPO.

EFTA/ESB

Undanfarið hefur EFTA gert marga samninga við þriðju ríki. Einkaleyfastofan hefur einkum

fylgst með þeim þáttum er varða hugverkaréttindi. Hingað til hafa tengsl stofnunarinnar við samningsaðila verið símleiðis og bréfleiðis en ekki verið sóttir fundir erlendis né tekið þátt í samningagerð. Á þessu ári hófst samningagerð við Kanada, m.a. um hugverkaréttindi. Vegna þeirra samninga sótti fulltrúi Einkaleyfastofunnar fund sem haldinn var í Brussel í maí.

Frá gildistöku EES-samningsins hefur vinnuhópur á sviði hugverkaréttinda verið starfandi innan EFTA. Frá árinu 1995 hafa starfsmenn Einkaleyfastofunnar sótt þessa fundi. Vinnutilhögun hefur ávallt verið sú að fyrri hluta dags funda EFTA-ríkin og síðari hluta dags er fundur með fulltrúum ESB. Í febrúar og mars var í samstarfi við Norðmenn unnið að drögum að álitum um tilskipun ESB um vernd smáeinkaleyfa. Fyrsti fundur í hugverkahópnum var í maí. Á fundinum var m.a. rætt um tillögu ESB um smáeinkaleyfi, hugmyndir um ESB-einkaleyfakerfið, tilskipun um hönnunarvernd og tilskipun um líftækni. Annar fundur í hugverkahópnum var í október. Þar var rætt um tilskipun um líftækni sem samþykkt var innan ESB í júlí, tilskipun um hönnunarvernd sem var á lokastigi, tillögur ESB um smáeinkaleyfi og einkaleyfakerfið. Þá var rætt um tæmingu vörumerkjaréttinda og væntanlega könnun á þeim málum innan ESB og um hugsanlega aðild ESB að Madridbókuninni.

Ráðstefna ESB um einkaleyfamál


Forstjóri og deildarstjóri einkaleyfadeildar sóttu ráðstefnu sem haldinn var í Luxembúrg í júní að tilhlutan ráðherraráðs ESB. Tilgangur fundarins var að gefa fulltrúum frá einkaleyfa

skrifstofum aðildarríkja ESB og EES kost á að tjá sig um grænbók ESB („Green Paper on Community Patent and the Patent System in Europe“) varðandi framtíðarskipan einkaleyfamála innan sambandsins. Norðurlöndin lýstu sig andvíg hugmyndum um miðstýringu einkaleyfakerfisins og fækkun rannsóknarstofnana og töluðu fyrir því að þess í stað yrði stefnt að skipulegri verkaskiptingu núverandi stofnana. Fulltrúar Íslands studdu þessar hugmyndir. – Evrópusambandið greiddi kostnað við ráðstefnuna. ESB boðaði til framhaldsráðstefnu um örvun nýsköpunar og hlutverk einkaleyfastofnana („The promotion of Innovation and the role of National Patent Offices“) í Luxembúrg í nóvember. Deildarstjóri einkaleyfedeildar sótti ráðstefnuna.

Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)

Á árinu 1997 fór fram könnun á því hvort aðildarríki TRIPS-samningsins hefðu fullnægt skyldum sínum. Sú könnun fólst m.a. í því að svara þurfti ítarlegum spurningarlistum um löggjöf okkar og sitja fyrir svörum á fundum TRIPS-ráðsins í Genf. Á síðasta ári var þessari könnun haldið áfram og leitað svara um landfræðilegar tilvísanir. Ekki voru sóttir fundir í TRIPS-ráðinu á árinu.

EINKALEYFASTOFAN Skipurit 1999





ELS

EINKALEYFASTOFAN

Heimilisfang: Lindargata 9 • 150 Reykjavík
Sími: 560 9450 • Fax: 562 9434 • Netfang: postur@els.stjr.is